

# **Þýðing á inngangi með yfirliti yfir kafla skýrslunnar sem fjallar um rannsóknáætlun nýs rannsóknaseturs skapandi greina á Íslandi. Höfundar unnu skýrsluna að beiðni undirbúningsnefndar fyrir stofnun rannsóknaseturs skapandi greina á Íslandi.**

## **Skýrsla 1: Rannsóknáætlun sem styður við þróun á menningu og skapandi greinum (Cultural and Creative Industries (CCIs))**

Höfundar: Stuart Cunningham, Scott Brook, Marion McCutcheon

Verkefnið sem höfundar fengu: „Greinið og gerið yfirlit yfir alþjóðlegar rannsóknáherslur í menningu og skapandi greinum í samhengi við stofnun nýs rannsóknaseturs menningar og skapandi greina (MSG) á Íslandi og setjið í íslenskt samhengi eins og auðið er.“

### **Inngangur (yfirlit yfir kafla í skýrslu)**

Það eru nokkur undirliggjandi hugtök og stefnumarkandi málefni sem hafa áhrif á allar rannsóknir á menningu og skapandi greinum á Íslandi.

#### **1. Skilningur, rannsóknir og greining á hugtökum sem liggja til grundvallar menningu og skapandi greinum**

Á hugmyndafræðilegum vettvangi er mikilvægt að skilja uppruna skapandi greina sem frumkvæði stjórnvalda og aðila í atvinnulífinu fremur en fræðigrein eða fræðasvið. Það beinir sjónum okkar að þörfinni fyrir að þróa rannsóknáherslur sem eru kunnugar í samfélaginu og tengdar stefnu, málefnum og hagsmunum atvinnugreinarinnar.

#### **2. Þríþætt greining gilda (The 'triple bottom line') Efnahags-, menningar- og félagsleg nálgun á menningu og skapandi greinar: aðskilin eða sameinuð?**

Í þessum kafla er farið yfir eitt af höfuð viðfangsefnum rannsókna á menningu og skapandi greinum: tengslin á milli efnahags-, menningar- og samfélagslegra þátta innan skapandi greina, og hvernig þessum tengslum er stjórnað við þróun rannsóknaráætlana. Sýnt verður fram á að einn valkostur útilokar ekki annan.

### **3. Almenn alþjóðleg yfirsýn yfir helstu rannsóknáætlanir og forgangsverkefni.**

Þessi kafli veitir yfirsýn yfir alþjóðlegar rannsóknir í menningu og skapandi greinum.

### **4. Utan borgarkjarna: menning og skapandi greinar í dreifbýli og tækifærin til nýsköpunar**

Þessi kafli fjallar um nýlegar rannsóknir í mismunandi landshlutum og á dreifbýlisstöðum í Ástralíu. Þær varpa ljósi á spurningar og málefni sem eru í brennidepli, m.a. menningu og skapandi greinar sem drifkraft í skapandi greinum.

### **5. Skapandi starfsemi sem „starfsgrein“ og mælanleg menningarleg starfsemi**

Í þessum kafla er fjallað um menningarvísa og skapandi starfsgreinar. Hér er áhersla á a) að gefa tilfinningu fyrir breidd viðfangsefna sem rannsóknáætlanir geta náð yfir (sérstaklega í ljósi þeirra sjónarmiða sem komu fram í þarfagreiningu á meðal íslenskra hagaðila vorið 2022), og b) sýna fram á að efnahagsleg markmið í rannsóknum á menningu og skapandi greinum styðja fullkomlega við aðrar rannsóknáherslur og stefnumörkun stjórnvalda.

Það eru auðvitað óteljandi önnur rannsóknarviðfangsefni í menningu og skapandi greinum. Einstaka atvinnugreinar og undirgreinar eru viðfangsefni umfangsmikilla rannsókna alls staðar í heiminum. Ýmsar áskoranir fylgja þróun hugverkaréttar og viðskiptavæðingar í skapandi greinum. Menntun og þjálfun innan menningar og skapandi greina er mikilvægt viðfangsefni í rannsóknum í ljósi þess að rannsóknir og menntun þurfa að haldast hönd í hönd í háskólum. Þá er áfram brýnt að skoða skilgreiningar, gagnaöflun og mælingar. Í nútímastefnumótun er ekki hægt að bregðast við því sem ekki er hægt að mæla.